

## Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Hlíðdal f. h. Landssíma Íslands, greiði stefnanda, Magnúsi Ólafssyni, kr. 24.608.33 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1952 til greiðsludags og kr. 3200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. janúar 1957.

Nr. 112/1956. **Ákærvaldið**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hdl.)

gegn

**Halldóri Kristjáni Kristjánssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

## Dóme ndur:

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Sýknað af ákæru fyrir manndráp af gáleysi.

## Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur farið fram frekari rannsókn um nokkur atriði málsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, þar á meðal málf lutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málf lutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefssonar héraðsdómsslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 13. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2701/1956: Ákærvaldið gegn Halldóri Kristjáni Kristjánssyni, en mál þetta var að loknum munnlegum flutningi þess tekið til dóms hinn 11. júní s.l.

Mál þetta er með ákærskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. apríl s.l., höfðað gegn ákærða, Halldóri Kristjáni Kristjánssyni sjómanni, til heimilis að Felli í Grindavík, fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir ákærði hafa framið téð brot með því að slá eða hrinda frá sér Ingva Hraunfjörð Péturssyni, Heimahvammi í Blesugróf, er þeir voru í áflogum á veginum nálægt húsinu Völlum í Blesugróf um kl. 2 aðfaranótt 8. okt. 1955, með þeim afleiðingum, að Ingvi féll afturábak á götuna, en hann andaðist um kl. 2 daginn eftir af völdum höfuðkúpubrots.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt nefndri hegningarlagagrein, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er eftir gefnum skýrslum fæddur í Reykjavík 6. júlí 1936. Hann hefir aldrei áður sætt kærnum eða refsingum, svo vitað sé.

Málsatvik eru þau, sem nú skal greina:

Ákærði, Halldór Kristján Kristjánsson sjómaður í Grindavík, fór á dansleik, sem haldinn var í Vetrargarðinum hér í Reykjavík föstudaginn 7. október s.l. Hafði hann með sér 1½ pelaflösku með aqua vitae, sem hann neytti af þar á dansleiknum, og þó ekki nema lítils magns að eigin sögn, þar sem hann kveðst hafa veitt mikinn hluta þess mönnum, er hann hitti þar. Kveðst hann þó aðeins hafa kennt lítilla áfengisáhrifa. Er dansleik var lokið, eða eftir klukkan eitt um nóttina, tók ákærði á leigu bifreiðina G-1528, en stjórnandi hennar var þá Karl Gunnarsson bifreiðarstjóri, Kársnesbraut 12 í Kópavogi. Ók ákærði síðan í bæinn í bifreiðinni og þar tvo hringi í miðbænum og síðan aftur að Vetrargarðinum. Gestir voru þá allir farnir þaðan, en ákærði hitti þar dyravörð hússins, Sigurjón Maríusson, til heimilis að C-götu 12 í Blesugróf.

Tóku þeir tal saman, enda kannaðist ákærði við Sigurjón, og varð síðan úr, að ákærði lét bifreiðarstjóránn aka Sigurjóni heim til hans. Segir síðan ekki af þeirra för, fyrr en þeir voru komnir í Blesugróf og áttu aðeins skamman spöl eftir ófarinn heim til Sigurjóns. Urðu þá tveir menn, sýnilega allölvaðir, á vegi bifreiðarinnar. Gekk annar mannanna vinstra megin við vegarmiðju frá

bifreiðinni séð, en hinn hægra megin. Gerði sá, er vinstra megin var, sig líklegan til þess að hefta för bifreiðarinnar og fá stjórnandann til að nema staðar. Dró Karl þá mjög úr ferð bifreiðarinnar, þar sem hann óttaðist, að mennirnir gætu orðið fyrir bifreiðinni. Kveðst Karl hafa hægt ferðina svo, að hann hafi verið algerlega öruggur um að aka fram hjá mönnunum.

Var Sigurjóni nú ekið heim og bifreiðinni snúið við og ekið aftur sömu leið til baka. Mennirnir tveir urðu enn á vegi þeirra, og var annar þeirra 8—10 metra á undan hinum. Þeir gengu nú nálægt miðju vegarins. Þegar Karl bílstjóri nálgadist þann aftari, dró hann mjög úr ferð bifreiðarinnar, þar sem hann óttaðist enn, að maðurinn myndi sakir ölvunar sinnar slangra fyrir bifreiðina. Gekk þá maðurinn alveg í veg fyrir bifreiðina og horfði í ljós hennar án þess að hreyfa sig, og stóð hann þannig um stund án þess að þoka frá bifreiðinni, sem Karl hafði orðið að stöðva. Ákærði fór nú úr bílnum til þess að fá manninn, sem var Ingvi Hraunfjörð Pétursson, Heimahvammí í Blesugróf, til þess að færa sig úr vegi bifreiðarinnar. Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekki blakað hendi við manninum, og er sú staðhæfing studd framburði eina vitnisins um upphaf skiptanna, Karls bílstjóra, en hann hefur staðfest framburð sinn með eiði. Ákærði segir, að strax eftir að hann hafði beðið Ingva um að víkja, hafi hann rokið á sig, þrifið í hálsbindi sitt og hert að. Mun Ingvi síðan hafa hrakið ákærða út á vegjaðarinn, og urðu þar smávegis átök á milli þeirra, og mun þó hvorugur hafa slegið hinn.

Maður sá, er gekk á veginum á undan Ingva, var bróðir hans, Pétur Hraunfjörð Pétursson. Þeir höfðu setið að drykkju um kvöldið heima hjá Ingva og höfðu drukkið úr einni flösku af koníaki saman, bræðurnir, og lokið úr flöskunni frá því um klukkan 23 um kvöldið fram til klukkan að ganga tvö um nóttina, en kona Ingva, Guðrún Hallfríður Pétursdóttir, drakk eitt eða tvö glös af blöndu. Þeir ætluðu um nóttina að heimsækja foreldra þeirra að Rauðagerði 17, og voru þeir kenndir af víni. Pétur Hraunfjörð gekk sem fyrr segir á undan bróður sínum. Hann varð þess var, að dregið var úr ferð bifreiðarinnar og hún síðan stöðvuð, en hann segir, að þeir bræður hafi af rælni gengið í veg bifreiðarinnar áður og tafið för hennar. Pétur kveðst ekki hafa litið til baka fyrr en nokkru eftir, að hann heyrði, að bifreiðin hafði stöðvað. Sá hann þá, að bróðir hans Ingvi var í einhverjum stimpingum við mann vinstra megin við bifreiðina. Hann hafði ekki séð upphaf átakanna og vissi ekki ástæðu þeirra, en taldi, að bróðir hans hefði orðið fyrir árás. Hann sá ekki, að mennirnir slægjust með hnefum,

en fannst þeir vera að tuskast. Í því skyni að bægja manninum frá bróður sínum kveðst Pétur hafa hlaupið til mannanna, en á leiðinni hafi hann tekið upp koníaksflöskuna, sem hann var með tóma í vasa sínum. Gekk hann nú að ákærða og reiddi flöskuna til höggs yfir höfði hans. Hins vegar kveðst Pétur ekki minnst þess, að hann hafi barið ákærða með flöskunni, en segir, að einmitt þarna hafi gripið sig hræðsla við að nota flöskuna sem barefli, og því hafi hann látið hana falla í götuna, og hafi hann ekki séð flöskuna síðan.

Ákærði staðhæfir, að Pétur hafi, þegar eftir að hann var kominn til þeirra, reitt flöskuna til höggs og slegið sig með henni, og hafi höggið komið aftan á hnakkann og á vinstri öxl, og kenndi ákærði allmikils sársauka af höggunum þá þegar.

Vitnið Karl bílstjóri hefir enn fremur staðhæft í eiðfestum framburði fyrir sakadómnum 10. október, að hann hafi séð Pétur reiða flöskuna til höggs og slá ákærða með henni, og virtist honum höggið lenda á höfði ákærða.

Vitnið Karl og ákærði staðhæfa enn fremur, að Pétur hafi, þegar eftir að hafa lostið ákærða með flöskunni, reitt hana til höggs á ný, og virtist sem hann hefði fullan hug á og væri þess albúinn að slá ákærða með henni aftur. Karl bílstjóri kveðst hafa farið úr bíl sínum, þegar er hann sá Pétur koma með flöskuna reidda til höggs, en varð of seinn að hindra, að hann slægi ákærða með henni í höfuðið, en kveðst þó hafa náð að koma í veg fyrir, að Pétur slægi ákærða öðru sinni með henni. Hafi hann síðan eftir nokkrar sviptingar náð af Pétri flöskunni og varpað henni frá sér inn í garð hússins Velli, en þar framan við munu átökin hafa átt sér stað. Flaskan fannst við leit á túnbletti umhverfis húsið Velli, en tappi hennar, sem var með blýhettu yfir, fannst rétt utan við vegjaðarinn, þar sem telja má, að átökin hafi átt sér stað. Var þá hetta tappans öll snúin og beygluð um tappann, en í 16 metra fjarlægð frá stað þeim, er flaskan fannst á. Styður sú staðreynd og ástand tappans og hettunnar einmitt staðhæfingar vitnisins Karls og ákærða, að Karl hafi með valdi orðið að ná flöskunni af Pétri, auk þess sem læknavottorð Hauks Kristjánssonar frá 12. október 1955, eða á 5. degi eftir viðureign þessa, staðfestir, að aftan til á höfði ákærða vinstra megin í hársverði finnst ofurlítið þykkni, sem sé aamt viðkomu, en yfir vinstra herðablaði sjáist ca fimmeyringsstór marblettur, en það styrkir staðhæfingar ákærða og vitnisins Karls um, að ákærði hafi orðið fyrir höggi með flöskunni úr hendi Péturs.

Strax eftir að ákærði hafði verið sleginn í höfuðið með flöskunni, kveðst hann hafa kennt allmikils sársauka, eins og fyrr segir. Segir ákærði, að nú hafi gripið sig mikið fát, er hann sá flöskuna enn reidda gegn sér, og ætlaði hann að reyna að verjast áráð Péturs, en þar sem Ingvi hélt honum föstum eftir sem áður, kveðst ákærði hafa slegið til Ingva eða hrundið honum frá sér og séð, að hann féll aftur á bak í götuna. Sneri hann sér síðan að Pétri, en þá hafði Karl bílstjóri þegar veitst að honum og komið í veg fyrir, að hann beitti flöskunni frekar. Sneri ákærði sér þá aftur að Ingva, sem þá var risinn á fætur, og sá ákærði, að hann hafði fengið blóðnasir. Ákærði sá ekki, hvernig Ingvi kom niður í byltunni, né heldur vitnið Karl bílstjóri, sem lýst hefur þessu á sama veg og ákærði.

Ákærði kveðst ekki hafa séð, að Ingva hefði orðið meint af byltunni utan blóðnasirnar. Ingvi gekk nú heim að Völlum, og fór ákærði á eftir honum til þess að aðstoða hann, ef með þyrfti, eftir því, sem hann sjálfur segir. Þeir Pétur og Karl héldu hins vegar átökum sínum áfram um stund, 2—3 mínútur, að því er Karl ætlar. Fylgdust þeir ekki með þeim ákærða og Ingva á meðan og urðu ekki varir við nein átök milli þeirra. Ákærði staðhæfir, að engin átök hafi átt sér stað milli hans og Ingva, eftir að Ingvi féll í götuna, sem fyrr segir, og vitnið Guðný Þórðardóttir húsfreyja á Völlum, sem er timburhús, segir, að útilokað sé annað en að fólk þar í húsinu myndi hafa vaknað, ef átök hefðu átt sér þar stað við húströppurnar, en hún segir engan hafa vaknað fyrr en drepíð var þar á dyr, sem mun hafa verið nokkru síðar, sbr. það, sem síðar verður rakið.

Það er því ósannað, að nokkur frekari átök hafi átt sér stað milli ákærða og Ingva en þau, sem þegar hefur verið greint frá.

Ákærði skýrir svo frá, að þeir Ingvi hafi nú gengið heim að Völlum og síðan farið báðir upp á tröppur hússins, en þar kveðst ákærði hafa spurt Ingva, hvort hann hefði meitt sig, en hann bandað frá sér höndum, en engu anað, nema hvað hann hafi haft á orði, að hann þekkti fólk þar í húsinu, og drap þá jafnframt á dyr, en rétt um þær mundir komu þeir Pétur og Karl. Þeir höfðu ekki áður séð áverka þá, sem Ingvi fékk, er ákærði sló hann eða hratt honum í götuna. Nú sáu þeir hins vegar, að hann var með blóðnasir. Dró Pétur þá ályktun þegar, að ákærði hefði, eftir að bílstjórinn skarst í leikinn, ráðizt að Ingva þar heima við Velli og veitt honum áverkana þar. Réðst hann þá þegar að ákærða, þar sem hann stóð við hlið Ingva og sneri hliðinni að Pétri, og sló ákærða hnefahögg í hnakkann og þreif jafnframt

í fót ákærða, en Karl bílstjóri sagði Pétri að sleppa, og urðu þá ekki frekari átök milli þeirra.

Eftir þetta gengu þeir allir niður tröppurnar og héldu nú að bifreiðinni nema Ingvi, sem hélt nú eftir veginum í öfuga átt við það, sem hann hafði áður farið, er hann varð á vegi þeirra. Þegar þeir voru komnir í bílinn, stakk Karl bílstjóri upp á því, að þeir færu þegar til lögreglunnar og tilkynntu henni um atburðinn, og samþykkti ákærði það þegar, en Pétur andmælti því í fyrstu, en féllst þó á það að lokum. Fór ákærði þá aftur heim að Völlum og kvaddi þar dyra. Kom Guðný húsfreyja til dyra, en ákærði það hana um að hringja til lögreglunnar, en hún kvað síma ekki vera í húsinu. Ákærði fór þá aftur í bílinn, og varð nú að ráði þeirra að aka niður á lögreglustöð, og féllst nú Pétur á það. Sneri Karl nú bifreiðinni, og var ekið í humátt eftir Ingva. Innti Karl Pétur þá eftir því, hvar Ingvi ætti heima, en Pétur lét sem hann væri ekki viss um það og gaf engar upplýsingar um hann. Óku þeir fyrst nokkurn spöl inn í Blesugróf, en sneru að lokum við og mættu þá Ingva, er þeir höfðu farið nokkurn spöl til baka. Kom hann í bifreiðina til þeirra. Ákærði og Karl bílstjóri spurðu nú Ingva, hvort hann vildi ekki koma með þeim niður á lögreglustöð, en hann svaraði því eindregið neitandi og kvaðst bara mundu halda heim. Ákærði mælti þá: „Við keyrum þig þá heim, vinurinn.“ Sneru þeir síðan við bifreiðinni og óku aftur að þeim stað, er þeir höfðu áður snúið á, en það er í sandgryfju skammt frá heimili Ingva, en þá hafði hann sagt, að nú væri nógu langt ekið og hann myndi fara þar úr bílnum. Jafnframt spurði hann Pétur að því, hvort hann ætlaði með á lögreglustöðina, og er hann játti því, það Ingvi hann koma heim til sín á eftir, en Pétur lét í fyrstu sem hann vissi ekki, hvar Ingvi ætti heima, en kvaðst að lokum mundu koma.

Vitninu Karli, ákærða og Pétri virtist ekkert óeðlilegt við Ingva, er þeir skyldu við hann, nema það, að blóðstorka var á andliti hans, en að sögn Péturs átti hann vanda fyrir blóðnösnum, en Karli og ákærða virtist háttalag hans svipað fyrir og eftir skipti þeirra.

Ákærði og Pétur héldu nú með Karli í lögreglustöðina, en á leiðinni fannst þeim engin ástæða til að gera neitt veður af skiptum þeirra, en Karl gaf upp bílnúmer sitt, nafn og heimilisfang, ef einhver rekistefna yrði af þessu síðar.

Samkvæmt framburði Guðrúnar Hallfríðar, eiginkonu Ingva, hafði hann haldið að heiman klukkan langt gengin tvö um nóttina. Hann kom heim aftur rétt um klukkan 2.30, og segir kona

hans hann þá hafa verið mjög aðframkominn og illa útleikinn. Hafi hann þá þegar verið alblóðugur í andliti, og virtist blóðið koma úr nefi hans. Auk þess hafi vinstra auga verið sokkið, en áverki efst á gagnauga vinstra megin, en þroti við hægra auga.

Átti Ingvi erfitt með að tala. Hann skýrði frá því, að er þeir bræður hafi verið á leið til foreldra þeirra, hafi bifreið verið ekið fram á þá, úr henni komið maður, sem ráðizt hefði á sig og slegið sig. Pétur væri farinn á lögreglustöðina. Átti hann í erfiðis- munum að skýra frá þessu, en gerðist síðan svo óskýr í máli, að ekki var unnt að skilja hann, enda missti hann brátt meðvitund og þekkti ekki aftur Pétur bróður sinn, er hann kom heim um kl. 3.30.

Kl. 4.15 um morguninn var Ingvi fluttur í slysavarðstofuna og þar búið um meiðsli hans til bráðabirgða, en kl. 7 um morguninn var hann fluttur í Landspítalann, og segir svo m. a. í vottorði Friðriks Einarssonar:

„Við komuna hingað á Landspítalann er sjúklingurinn djúpt meðvitundarlaus og reagerar ekki við nálarstungu. Andardráttur er djúpur og tíður, 40/mín. Dálítil vínlykt er úr vitum sjúklingsins. Blóðþrýstingur er 170/95, en hækkar fljótlega upp í 200/105. Hjartsláttur er í fyrstu reglulegur, 76/mín. Sjúklingurinn fær við og við krampadrætti í efri útlími. Sjúklingurinn er með marblett og hrúfl vinstra megin á höfðinu nálægt hvirfli, og finnst þar blæðing undir höfuðleðrinu. Ljósop í augum eru í fyrstu jafnvíð, en reagera ekki fyrir ljósi. Síðar verða ljósopin misvíð, en skiptast á um að vera þrengri og víðari. Reflexar á neðri útlímum eru líflegir, jafnvel auknir. Babinski er + beggja megin.

Sjúklingnum fer hrakandi, og eftir undirbúning er kl. rúmlega 9 í staðdeyfingu gerður uppskurður á höfðinu (Craniotomia cum evacuatione hæmatomatis epidurale). Farið var inn með langskurði niður á við yfir marblettinum og í gegnum blæðinguna, sem áður er lýst undir höfuðleðri. Þegar inn að beininu kom, fannst bogadregið brot á hauskipunni og var efra hluta brotsins þrýst niður, en þó ekki meira en brot úr mm. Var fyrst borað gat á hauskipunna þarna, og þrýstist strax út allmikið af blóðlifrum. Borholan var víkkuð út og búið til elipsulaga op, ca  $3\frac{1}{2} \times 5\frac{1}{2}$  cm á stærð, á hauskipunna. Var þarna undir mikil blæðing, ca 3— $3\frac{1}{2}$  cm á þykkt og  $9 \times 11$  cm að flatarmáli, og hafði það þrýst heilahimnum og heila inn á við. Eftir að blóðlifrar þessar höfðu verið tæmdar út, kom í ljós blæðandi slagæð í heilahimnunni, og var saumað fyrir hana. Eftir það stöðvaðist blæðingin, og var gengið frá sárinu, svo sem við á.

Sjúklingnum létti talsvert mikið við aðgerðina, blóðþrýstingur lækkaði þegar, andardráttur var betri og reglulegri, og hann tók að hreyfa sig, þótt ekki kæmi hann til meðvitundar, og var nú lagður í rúm á deildinni. Litlu seinna fór honum að hraka mjög aftur, blóðþrýstingur lækkaði niður í 60, en hafðist upp í 80 með blóðgjöf o. fl., en andardráttur varð grynri og lélegri, og lézt sjúklingurinn kl. 14, án þess að hafa komizt til meðvitundar“.

Prófessor Niels Dungal framkvæmdi réttarkrufningu á líki Ingva heitins, og er ályktun prófessorsins þessi:

„Við krufningu fundust auk menja eftir nýafstaðna aðgerð á heilabúi leifar eftir mikla blæðingu, sem hafði verið tæmd út við operationina, og saumur í grein af arteria meningeae media, sem hafði rifnað, og var sýnilegt, að blæðingin hafði stafað frá henni. Auk þess fundust blæðingar í heilabrunni og einnig á öðrum stað vinstra megin í heilanum, og virðist svo sem þessar blæðingar, einkum blæðingarnar í heilabrunni, hafi valdið dauða mannsins. Dálftill bjúgur var kominn í heilann“.

Samkvæmt því, sem að framan hefir verið rakið, má telja það miklar líkur fram komnar fyrir því, að jafngildi fullri sönnun, að Ingvi heitinn hafi hlotið þá áverka, er síðar leiddu hann til bana í byltu þeirri, sem hann varð fyrir í lok viðureignar hans og ákærða, er ákærði sló eða hratt honum þannig, að hann féll í götuna.

Telja verður sannað, að bræðurnir Pétur og Ingvi Hraunfjörð hafi í verki sýnt samtök um að tefja fyrir bifreiðum, er leið áttu um Blesugróf í umrætt sinn. Eftir að Ingvi heitinn hafði neytt bifreiðarstjóran til þess að nema staðar, verður ekki talið, að ákærði hafi að ófyrirsynju farið úr bifreiðinni til þess að reyna að fá Ingva til að víkja úr vegi hennar. Það er ósannað, að tilraun ákærða til þess hafi verið fólgin í öðru en því að biðja Ingva um að fara frá bifreiðinni. Telja verður sannað, að Ingvi heitinn hafi átt upptökin að átökum þeirra ákærða með því að ráðast á ákærða án nægilegs tilefnis, eftir að ákærði bað hann að víkja.

Meðan átök þeirra ákærða og Ingva heitins stóðu, er sannað, að Pétur Hraunfjörð sló ákærða með tómrri þriggjaþjelaflösku í höfuð og herðar og hafði reitt hana til höggs að nýju, þegar ákærði sló eða hratt Ingva þannig, að hann féll á götuna og hlaut þá áverka, sem leiddu síðar til dauða hans, enda hafði Ingvi þá ekki sleppt ákærða eða hætt áráss sinni á hann, þrátt fyrir byrjaða árás Péturs á ákærða. Eins og á stóð fyrir ákærða, þ. e. meðan hann á yfir höfði sér árás með vopni, sem gat verið lífshættulegt, þykir hann ekki hafa beitt hættulegri vörnum gegn árásarmönnum sín-

um en ástæða var til. Þess verður ekki krafizt, að ákærði hefði átt að sjá fyrir sem sennilegar afleiðingar varnaraðgerða sinna það hörmulega slys, sem þarna varð.

Í samræmi við það, sem nú hefir verið rakið, hlýtur dómurinn og samkvæmt 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að sýkna ákærða af ákærinni fyrir brot á 215. gr. þeirra laga.

Bótakrafa hefur ekki komið fram í máli þessu.

Eftir málalokum ber að greiða allan sakarkostnað af almannafé, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, þeirra Gunnars Þorsteinssonar hrl. og Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 2000.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Halldór Kristján Kristjánsson, á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Gunnars Þorsteinssonar hrl., og skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 2000,00 til hvors, greiðist af almannafé.

---

Miðvikudaginn 30. janúar 1957.

Nr. 126/1956. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

**Brandi Brynjólfssyni.**

Útivistardómur.

#### Domur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---